

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 49/2019

2020/EES/44/04

frá 29. mars 2019

## um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1254 frá 19. september 2018 að því er varðar synjun um leyfi fyrir rífbóflavíni (80%), sem er framleitt með *Bacillus subtilis* KCCM-10445, sem fóðurukefni sem tilheyrir virka hópnum vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1533 frá 12. október 2018 um leyfi fyrir natríumalgínati sem fóðurukefni fyrir ketti, hunda, önnur dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis og fiska og kalíumalgínati sem fóðurukefni fyrir ketti og hunda <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1543 frá 15. október 2018 um leyfi fyrir blöndu með *Pediococcus pentosaceus* DSM 32291 sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir <sup>(3)</sup>.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunar-ákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 267. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1090) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „268. **32018 R 1254:** Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1254 frá 19. september 2018 að því er varðar synjun um leyfi fyrir rífbóflavíni (80%), sem er framleitt með *Bacillus subtilis* KCCM-10445, sem fóðurukefni sem tilheyrir virka hópnum vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun (Stjtið. ESB L 237, 20.9.2018, bls. 5).
269. **32018 R 1533:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1533 frá 12. október 2018 um leyfi fyrir natríumalgínati sem fóðurukefni fyrir ketti, hunda, önnur dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis og fiska og kalíumalgínati sem fóðurukefni fyrir ketti og hunda (Stjtið. ESB L 257, 15.10.2018, bls. 13).
270. **32018 R 1543:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1543 frá 15. október 2018 um leyfi fyrir blöndu með *Pediococcus pentosaceus* DSM 32291 sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 259, 16.10.2018, bls. 22).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 237, 20.9.2018, bls. 5.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 257, 15.10.2018, bls. 13.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 259, 16.10.2018, bls. 22.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2018/1254, (ESB) 2018/1533 og (ESB) 2018/1543, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. mars 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. mars 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.